



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um væntanlega legu Sundabrautar (US200314).*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um væntanlega legu Sundabrautar og hvenær verði lokið við að skipuleggja legu hennar með þeirri nákvæmni að unnt verði að styðjast við það skipulag þegar fjallað er um næstu verklegar framkvæmdir með fram Sundum.*

*Ekki er spurt um hver beri ábyrgð á framkvæmdinni enda veit fulltrúi Flokks fólksins að það er Vegagerðin.*

*Lega Sundabrautar er skipulagsmál og er því í höndum skipulagsyfirvalda borgarinnar að ákveða.*

*Til að geta lagt mat á galla og kosti einstakra skipulagshugmynda þarf nákvæm lega Sundabrautar að liggja fyrir allt frá Sundahöfn að Kjalarnesi þannig að verklegar framkvæmdir á svæðinu taki mið af því. Lega brautarinnar og áhrif hennar á svæðið er enn ekki nægilega skýr. Drífa þarf í að fá legu Sundabrautar á hreint.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Starfshópur á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, leiddur af Vegagerðinni og skipaður fulltrúum Reykjavíkurborgar, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Faxaflóahafna, vinnur nú að greiningu á þeim valkostum sem eftir standa í þverun Kleppsvíkur. Stefnt er að því að hópurinn skili áfangaskýrslu til ráðherra eigi síðar en í nóvember 2020.

Lega Sundabrautar liggur í aðalatriðum fyrir í gildandi aðalskipulagi. Ekki er hægt að ganga

frá endanlegu skipulagi, fyrir en ákvörðun liggur fyrir um nákvæmari útfærslur á þverun Kleppsvíkur og mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram. Því er beðið eftir niðurstöðu starfshópsins í þeim úrlausnarefnum og fleirum.

Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri